

HREYFING LEIKSKÓLABARNA

HOPPPÆMA



Aldur: 2-4 ára.

Áherslupáttur: Jafnvægi, hopp, stökk og lendingar.

Efniviður: A4-blöð í mismunandi litum.

Kennslufræðilegar leiðbeiningar: Ímyndunarleikurinn ræður ríkjum hér – það er ekkert eitt rétt. Aðaláherslan er að barnið framkvæmi æfingarnar eftir sínum hugmyndum en fyrirmælum leiðbeinanda í byrjun. Þegar börnin hafa framkvæmt nokkrar æfingar geta þau komið með tillögur.

Tími 

Hvað?

Hvernig?

Hvers vegna?

Leikur: Töfrahatturinn

Töfrahattur getur verið ruslafata eða húfa t.d. Börnin segja: „Hókus pókus nú breytast allir í“ og dregið er upp úr hatti:

- Vélmenni, gamla konu, ljósastaur, apa, ísjaka o.s.frv.

Einfaldur ímyndunar- og hlutverkaleikur sem ýtir undir sköpun barnanna. Mikilvægt er að hafa það í huga að ekkert eitt er rétt. Galdrið þeim í ólík dýr, hluti eða hlutverk og sjáið hvernig þau túlka sjálf og skapa.

Leikurinn gefur þeim sem leiðbeinir tækifæri til að sjá stöðu barnanna í misjöfnum grunnhreyfingum. Gott að nota leiki sem eru án áhaldna til að sjá hugmyndaflug og sköpunargleði þeirra.

Færniæfingar

Hvert barn fær eitt A4-blað.

- Setja blaðið í lófann og sveifla því í kringum sig án þess að missa það.
- Sveifla því frá hægri í vinstri lófa.
- Stækka hreyfingarnar með því að nota arma meira.

Setja blað á gólfíð:

- Standa á sínu blaði á öðrum fæti.
- Halla sér fram eins og flugvél.
- Hoppa inn á blaðið jafnfætis.
- Hoppa yfir blaðið jafnfætis.
- Taka tilhlaup og stökkva yfir blað, lenda jafnfætis.
- Hoppa/stökkva frjálst um svæðið án þess að snerta blöð.
- Hoppa skiptihopp – lenda jafnfætis á blaði og hafa það svo á milli fóta þegar hoppað er sundur.
- Hoppa hliðarhopp.

Leiðbeinandi notar sjálfur eitt blað til að sýna og vera fyrirmynd fyrir börnin.

Ögrið börnunum enn frekar með því að hvetja þau til að prófa æfingarnar bæði með hægri og vinstri fæti.

Leikurinn reynir á hreyfifærni, samhæfingu og jafnvægi barna. Jafnframt er markvisst verið að vinna með magn og afstöðuhugtök og auka þannig orðaforða í íslensku.

Gott er að byrja hverja æfingu á orðunum „getið þið“ og kalla þannig fram þeirra eigin sköpun í staðin fyrir nákvæm fyrirmæli.

Færni til framtíðar



Leikur: Snjókallar

Börnin byrja á því að standa eins og frosnir snjókallar en svo kemur sumar! Leiðbeinandi segir sögu og blandar árstíðunum inn í og smátt og smátt bráðna kallarnir en öðlast líf á ný með vetri.

Börnin túlka hver sinn snjókall. Sem er alveg frosinn í byrjun en bráðna smátt og smátt og endar sem vatn á jörðu – börn leggjast niður í gólf. Smátt og smátt lifnar hann við á ný.

Vinna með vitsmunaproskann og íslenskt mál í tengslum við æfingarnar. Þegar frosin – spennan allan líkama. Bráðna – slakar á. Gott að hvetja þau til að slaka alveg á og loka augunum.